

Ed.

250. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Síðari málsliður 2. málsgreinar a-liðs 4. gr. laga nr. 36 29. maí 1958 orðist þannig: Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samninga um kjör bátasjómanna í byrjun þessa árs var því heitið af ríkisstjórninni, að hún mundi beita sér fyrir lagasetningu þess efnis, að hinn svonefndi sjómannafrádráttur yrði hækkaður í 2000 kr. á mánuði, en hann er nú 1350 kr. á mánuði og skiptist þannig: hlífðarfatafrádráttur kr. 500.00 og sérstakur frádráttur 850 kr.

Er því með þessu frv. lagt til, að hinn sérstaki frádráttur sé hækkaður úr 850 kr. í 1500 kr. á mánuði.